

Fundargerð – Fundur stjórnar Foreldrafélags Hlíðaskóla:

Í Perlunni, 18. mars 2021

Mættar:

Lena Viderø, formaður
Klara Geirsdóttir, gjaldkeri
Eygló Svala Arnarsdóttir, ritari
Eirný Þórólfsdóttir, meðstjórnandi
Hallfríður (Halla) Brynjólfsson, meðstjórnandi

Fjarstödd:

Reynir Ingi Finnsson, varaformaður
Rósa Gunnlaugsdóttir, meðstjórnandi
Þorbjörg Gísladóttir, meðstjórnandi

Dagskrá:

Hlutverk foreldrafélagsins / úrræði foreldra; Góð reynsla frá fundum foreldra í 5. bekk / Fundir með fleiri árgöngum; Fundur skólaráðs; Skólalóð; Styrkur vegna vorhátíðar; Lestrarvandi / staða drengja; Foreldrasáttmáli / samningur; Mötuneyti; Óskilamunir.

Hlutverk foreldrafélagsins / úrræði foreldra:

Lena hafði samband við Öldu hjá Skóla- og frístundasviði. Hún sagði að foreldrar sem reka sig á vegg í samskiptum sínum við skjólastjórnendur eigi að hafa samband við sig, en að það sé ekki foreldrafélagsins að leysa úr þannig málum. Lena mun senda foreldrum póst til að láta vita af þessu úrræði og einnig er hægt að koma þessu á framfæri á árgangafundum foreldra.

Góð reynsla frá fundum foreldra í 5. bekk / Fundir með fleiri árgöngum:

Halla segir frá því að fundir foreldra í 5. bekk hafi gefið góða raun. Hún tók niður punkta úr umræðunum og sendi kennurum sem voru mjög þakklátir, finna fyrir stuðningi og höfðu í

framhaldinu samband við skólastjóra. Hún tók vel í ábendingar kennara og foreldra og er að vinna með þeim að lausnum. Samskipti foreldra og kennara eru allt önnur, t.d. eru kennarar farnir að senda „hróspósta“ sem var ekki áður, áður var meiri áhersla lögð á neikvæða hluti. Foreldrar vilja taka þátt til að bæta samskipti og leysa vandamál milli nemenda, t.d. hafa foreldrar boðið sig fram til að vakta frímínútur.

Rætt var um mikilvægi þess að halda fundi með foreldrum allra árganga og koma á samtali milli foreldra. Það á ekki að vera hlutverk foreldrafélagsins að halda fundina, en við sem erum í foreldrafélaginu getum átt frumkvæði að slíkum fundum sem almennir foreldrar. Mismunandi útfærslur voru ræddar – á að senda öllum fundarboð eða byrja á smærri hópi, t.d. bekkjartulltrúum? Þegar Halla skipulagði fundinn með 5. bekk hringdi hún í nokkra foreldra úr mismunandi bekkjum í árganginum, foreldra drengja og stúlkna, fótboltakrakka og annarra sem voru ekki að æfa og fékk þannig ákveðið þversnið af hópnum. Þetta gaf góða raun og í framhaldinu fór boltinn að rúlla, þessir foreldrar höfðu samband við fleiri.

Næst stendur til að halda fundi í 7. bekk (þar sem Halla, Eirný og Klara eiga börn) og 2. bekk (þar sem Eygló og Þorbjörg eiga börn – þær eiga eftir að ræða útfærsluna). Aðal hugmyndin á bakvið þessa fundi er að koma á samtali, ræða áhyggjuefni og nýta sameiginlegan kraft foreldra – sem eru „viðskiptavinir“ skólans – til að styðja kennara og skólastjórnendur og hjálpa til við að hrinda hlutum í framkvæmd. Öll höfum við sama markmið: Að börnunum líði vel og að þau fái þá þjónustu sem skólanum ber að veita þeim samkvæmt lögum.

Fundur skólaráðs:

Eirný segir frá fundi með Berglindi og skólaráði sem var algjörlega frábær. Hlustað var á það sem hún og Svanhildur, sem er með henni í skólaráði, höfðu að segja, athugasemdir þeirra teknar til greina og lausnir lagðar til, t.d. varðandi annað fyrirkomulag útskriftar – svo hún dragist ekki í heila viku. Skóladagatalið mun breytast til batnaðar. Berglind hefur rætt skólalóðina við Reykjavíkurborg og kastalann sérstaklega, en fær þau svör að hann verði ekki fjarlægður heldur eigi að laga hann (meira um skólalóð neðar í fundargerð). Verið er að vinna að skýrari reglum

um agamál og verða þær teknar að fullu í notkun næsta haust (eins konar einföldun SMT-kerfisins, en Hlíðaskóli verður ekki SMT-skóli). Gefið hefur góða raun að foreldrar sitji inni í bekkjum þar sem eru agavandamál. Þessi lausn var áður slegin út af borðinu vegna persónuverndarlaga, en Berglind segir það misskilning og að vel sé hægt að fá leyfi fyrir slíkum aðgerðum. Tekið var vel í hugmyndir um símalausan skóla og Eirný ætlar að tala við Ölduselsskóla sem er símalaus og það hefur gengið vel þar. Fulltrúi nemendaráðs kallaði eftir jafningjafræðslu. Í lokin sagði Berglind að til standi að setja í gangi safnskóla í gamla Vörðuskólanum við hliðina á Austurbæjarskóla. Þá myndi unglingadeildin í Hlíðaskóla sameinast öðrum skólum (Háteigsskóla og Austurbæjarskóla) því húsnæði Hlíðaskóla ræður ekki við þann fjölda barna sem eru í hverfinu, m.a. vegna tilkomu nýbygginga við Valsvæðið.

Skólalóð:

Lena hefur verið í samskiptum við Berglindi og Unni varðandi skólalóð. Þær vilja láta fjarlægja kastalann og Lena var beðin um að finna nýjan kastala – sem hún gerði. Nú virðist Reykjavíkurborg hafa slegið nýjan kastala út af borðinu. Einnig var talað um að fá Herdís Storgaard til að taka út öryggi núverandi kastala. Samtalið heldur áfram við Unni og Berglindi.

Styrkur vegna vorhátíðar:

Lena sendir Eygló umsóknina frá því í fyrra og hún sækir um styrkinn.

Lestrarvandi / staða drengja:

Berglind sagðist ætla að kanna stöðuna varðandi byrjendalæsi í Hlíðaskóla. Áhugavert væri að heyra hvað hefði komið út úr því á næsta fundi stjórnar foreldrafélagsins með henni. Eygló nefnir tilraunaverkefni með valfög og fleira í öðrum skólum sem hafa fengið styrki. Ýmsir styrkir eru í boði en það er hlutverk skólans að sækja um þá. Hefur eitthvað slíkt verið skoðað í Hlíðaskóla? Varðandi lestrarvanda þarf að vekja foreldra til meðvitundar um mikilvægi þeirra hlutverks. Börnin þurfa að lesa heima. Foreldrar geta rætt lausnir sín á milli á árgangafundum. Væri hægt að hafa heimalestur inni í eins konar foreldrasáttmála eða samningi? (Meira um þetta neðar). Ræddar voru lausnir fyrir börn sem ekki hafa bakland heima hjá sér, m.a. að fólk á

eftirlaunum komi inn í skólana til að hlusta á börnin lesa og einnig er spennandi verkefni í boði þar sem börn lesa fyrir hunda, sjá hundalestur.is. Einnig var talað um hvernig hægt er að gera lestrarbækur meira spennandi. Eygló hlustaði á erindi Bergrúnar Írisar myndhöfunds um gildi myndlæsis. Flottar myndir sem eru í samhengi við textann í vel hönnuðum bókum gera bækurnar meira spennandi og auðveldar börnum að lesa og skilja textann.

Foreldrasáttmáli / samningur:

Eðli foreldrasáttmála var rætt: Eru þetta reglur sem kynntar eru öllum foreldrum í upphafi skólaárs – sérstaklega mikilvægt fyrir foreldra barna sem eru að byrja í 1. bekk – t.d. varðandi fyrirkomulag afmæla, eða samningur gerður milli foreldra og kennara varðandi einstök mál? Foreldrasáttmáli gæti verið einhvers konar kynningarpakki og hagnýtar upplýsingar (m.a. hvar aðalinngangur skólans er) og foreldrafélagið gæti komið að gerð hans. Samningurinn er hins vegar stuðningstæki sem varðar einstök börn og foreldra þeirra, t.d. varðandi heimalestur barna sem hafa dregist aftur úr í lestri.

Mötuneyti:

Upp kom sú hugmynd að Lena og Halla myndu tengja saman tvær áhugasamar mömmur um úrbætur á mötuneyti, hvetja þær til að taka málið að sér, hugsanlega fá fleiri áhugasama í lið með sér og ræða við Guðna kokk. (Mikilvægt er að tengja fólk og frábært ef foreldrar eiga frumkvæði að aðgerðum eins og t.d. varðandi foreldrarölt sem ein mamman tók að sér að skipuleggja.)

Óskilamunir:

Þorbjörg er að skipuleggja annað „óskilamunapartý“ eins og haldið var fyrir jólin og gekk vel. Skólaliðar hafa flokkað óskilamuni eftir bekkjum, en ekkert hefur verið gert með þá poka ennþá.

Fundi slitið.